

Ársskýrsla fagdeildar krabbameins hjúkrunarfræðinga starfsárið febrúar 2021-febrúar 2022

Félagafjöldi 213

Stjórn fagdeildar á starfsárinu:

Harpa Sóley Snorradóttir, formaður
Halldóra Hálfánadóttir, verðandi formaður
Heiða Rós Árnadóttir, gjaldkeri
Stella María Óladóttir, ritari
Halla Grétarsdóttir, meðstjórnandi og Evrópufulltrúi
Auður E Jóhannesdóttir, meðstjórnandi
Ásta Ingibjörg Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári

Halldóra Hálfánadóttir, formaður
Anna Kristín Jóhannesdóttir verðandi formaður
Ásta Ingibjörg Þorsteinsdóttir, gjaldkeri
Stella María Óladóttir, ritari
Auður E Jóhannesdóttir, meðstjórnandi og Evrópufulltrúi
Halldóra Egilsdóttir meðstjórnandi.

Starfsreglur og markmið

Fagdeildin starfar samkvæmt skráðum reglum deildarinnar sem stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur staðfest. Meginmarkmið fagdeildarinnar er að stuðla að eflingu forvarna og að auka gæði hjúkrunar einstaklinga með krabbamein á öllum stigum þess.

Stjórnarfundir

Á starfsárinu voru einungis haldnir 5 formlegir stjórnarfundir og 1 þeirra var rafrænn vegna samkomutakmarkanna í tengslum við Covid faraldursins. Aðalfundur fagdeildarinnar árið 2022 var haldinn 09. mars 2021. Fundurinn var boðaður samkvæmt starfsreglum fagdeildarinnar.

Úr stjórn ganga Harpa Sóley Snorradóttir, Halla Grétarsdóttir og Heiða Rós Árnadóttir

Félagsgjöldin

Félagsgjöld fagdeildarinnar eru ákvörðuð á aðalfundi ár hvert og hafa verið óbreytt undanfarin ár eða 2500 kr. Rukkun er send á kennitölu þeirra sem eru skráðir í fagdeildina og birtist rukkunin í heimabönkum þeirra. Ef félagsgjaldið hefur ekki verið greitt í 2 ár þá fellur sá einstaklingur út af félagaskrá fagdeildarinnar. Félagsgjöldin eru nýtt í að styrkja málþing fagdeildarinnar, styrkja styrktarsjóð, greiða árgjöld í erlend fagfélög og styrkja innra starf fagdeildarinnar.

Málþing 2021

Ekki var mögulegt að halda málþing vegna samkomutakmarkanna.

Þar sem ekki var hægt að halda málþing hvorki árið 2020 eða 2021 ákvað stjórn fagdeildarinnar að senda öllum fagdeildarmeðlimum smá glaðning. Allir fengu senda smá kærleikskveðju frá stjórn með þökk um vel unnin störf ásamt augnhlíf. Stjórnin fékk góð viðbrögð við þessari sendingu og almennt virtist mikil ánægja með þetta.

Heimasíða

Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga er með hóp á Fésbókinni. Þar geta meðlimir skipst á fréttum og upplýsingum ásamt því að koma upplýsingum til fagdeildarmeðlima.

-Fagdeildin er einnig með tölvupóstfangið fagdeildkrabb@gmail.com, sem er meðal annars notað til að skrá sig á viðburði og til að geyma skjöl fagdeildarinnar.

Styrkveitingar

Styrktarsjóður fagdeildarinnar er sér reikningur með höfuðstól og miðast styrkveitingar úr sjóðnum við að hann haldist óskertur. Árið 2020 var ákveðið að veita árlega styrki fyrir allt

að 800.000 kr en hver styrkur er að hámarki 100.000 kr. Fagdeildin styrkir meðlimi til að efla sig í starfi og auðga hjúkrun krabbameinssjúklinga. Styrkir eru veittir árlega til verkefna sem tengjast hjúkrun sjúklinga með krabbamein og til símenntunar á sviði krabbameinshjúkrunar. Stjórn sjóðsins er skipuð þremur fagdeildarmeðlimum og er einn þeirra úr stjórn fagdeildarinnar. Engar umsóknir bárust fyrir árið 2021.

Aftur á móti styrkt fagdeild krabbameinshjúkrunar námskeið sem haldið í tengslum við framhaldsnám í Hjúkrunarfræðideild HÍ. Þetta var 2 daga kennsla í reykleysismeðferð. Kennari námskeiðisins var Jennifer Percival sem hefur áratuga reynslu að kenna heilbrigðisstarfsmönnum að hjálpa fólki til tóbaksleysis. Fagdeildarmeðlimum bauðst að sækja þetta námskeið þeim að kostnaðalaus.

Erlent samstarf og dagur krabbameinshjúkrunarfræðinga í maí

Fagdeildin á aðild að Evrópusamtökum krabbameinshjúkrunarfræðinga (EONS). EONS eru regnhlífarsamtök krabbameinshjúkrunarfræðinga í Evrópu og eru fagdeildir yfir 30 landa aðilar að EONS. Árleg ráðstefna samtakanna EONS14 var haldin rafræn annað árið í röð þann 22. september. Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni var Cancer Nursing: Towards a New Era in Cancer Care. Eins undanfarin ár var ráðstefnan haldin í samvinnu við European Society for Medical Oncology (ESMO). Haustið 2022 er stefnt að því að halda ráðstefnuna 9-13 september í París.

Fagdeildin hélt upp á Evrópudag krabbameinshjúkrunarfræðinga 18. maí í samvinnu við EONS. Markmið Evrópudagsins er að vekja athygli á störfum krabbameinshjúkrunarfræðinga, vinna að viðurkenningu á framlagi þeirra og mikilvægi sérhæfðrar þekkingar og færni á sviði krabbameinshjúkrunar. Á Evrópudag krabbameinshjúkrunarfræðinga árið 2021 var sjónum beint að hlutverki krabbameinshjúkrunarfræðinga í forvörnum krabbameina. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin og Evrópsku krabbameinssamtökin (EONS) tóku saman leiðir sem geta dregið úr líkum á að greinast með krabbamein. Fagdeildin sendi deildum sem þjónusta krabbameinssjúklinga bollakökur á sjálfan daginn.



Fagdeildarmeðlimir eru hvattir til að kynna sér hið mikla starf sem fram fer á vegum þessara samtaka á vefsíðu þeirra: **www.cancernurse.eu**

Reykjavík 08.mars 2022

Harpa Sóley Snorradóttir, formaður